



FRAMÞRÓUN Í KJÖLFAR FARALDURS

Viðburðaríkt ár í starfsemi Landspítala
Opunarmyndskleið

Ávarp heilbrigðisráðherra
Willum Þór Þórsson

Ávarp forstjóra Landspítala
Runólfur Pálsson

Ársreikningur Landspítala
Ólafur Darri Andrason framkvæmdastjóri fjármála

Velsæld starfsfólks;
ný nálgun á mannauðsmál
Gunnar Ágúst Beinteinsson framkvæmdastjóri mannauðsmála (viðtal)

Vísindastarf á Landspítala
Magnús Gottfredsson yfirlæknir, vísindadeild (viðtal)

Nýsköpun og umbætur

Fimm örviðtöl um nýbreytni og framfarir í starfsemi Landspítala

- Davíð O. Arnar yfirlæknir hjartalækninga
- Viktoría Jensdóttir deildarstjóri rekstrarþjónustu
- Sólveig Sverrisdóttir deildarstjóri bráðadagdeildar
- Björn Jónsson, deildarstjóri heilbrigðis- og upplýsingatæknideildar (HUT)
- Svanheiður Lóa Rafnsdóttir sérfræðilæknir

Heiðranir starfsfólks

Gunnar Ágúst Beinteinsson framkvæmdastjóri mannauðsmála

Fundarstjóri

Sigríður Gunnarsdóttir

Umræðustjórn

Andri Ólafsson

HEIÐRANIR STARFSFÓLKS

GUNNAR BEINTEINSSON

framkvæmdastjóri mannauðsmála



Alda Steingrímisdóttir geislafræðingur

„Alda hefur verið leiðandi í starfi og hefur góða fagþekkingu. Hún er stoð okkar og stytta og gengur í hvaða verk sem er. Hún hefur leitt gæðastarfið á deildinni af mikilli natni og svo hefur hún verið forsprakki deildarinnar í heilsumálum.”

Árný Skúladóttir

lífeindafræðingur

„Árný hefur staðið vaktina á Landspítala í tæp 50 ár. Hún er einstaklega fær í starfi, áreiðanleg, frábær vinnufélagi, heiðarleg og skemmtileg. Hún er mjög flottur fulltrúi fyrir lífeindafræðinga.“





Bjarnveig Pálsdóttir hjúkrunarfræðingur

„Bjarnveig er einstaklega lausnamiðuð, úrræðagóð og fylgir málum eftir. Hún lætur hlutina ganga upp, líka þegar erfitt er. Hún hefur gert ótrúlega margt fyrir Landspítala með dugnaði og jákvæðni að leiðarljósi. Allar deildir þyrftu að eiga eina Bjarnveigu.“

Einar Stefánsson

yfirlæknir

„Einar hefur verið í forystu augnlækninga síðustu áratugi. Hann hefur byggt upp sérhæfða augndeild sem sinnt hefur öllum undirsérgreinum augnlækninga. Hann hefur unnið ómetanlega rannsóknarvinnu, verið þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi og þróað meðferðir fyrir sjúklinga. Hann hefur einnig einstaka kennsluhæfileika sem margir hafa notið góðs af.”





Guðlaug H. Ingvarsdóttir
sjúkraliði og lagerstjóri

„Guðlaug er ótrúlega vinnusöm, skipulögð og geislar af jákvæðni. Það er alltaf hægt að leita til hennar og glaðlyndi hennar smitar út frá sér. Hún er dásamleg í alla staði.“

Guðlaug Pálsdóttir

Ljós móðir

„Gulla er frábær ljós móðir. Hún er fagmanneskja fram í fingurgóma og ber alltaf hag fæðandi fjölskyldna að leiðarljósi. Hún hefur unnið stórkostlegt starf með Ljáðu mér eyra og gefið mörgum konum og fjölskyldum þeirra kjarkinn til að takast á við meðgöngu, fæðingu og sængurlegu. Það er alltaf gott að leita til Gullu.“





Guðrún Bergmann Gísladóttir skrifstofumaður

„Guðrún er frábær starfsmaður og hjarta deildarinnar. Hún er alltaf til í að hjálpa og leysir öll mál sem til hennar koma af mikilli fagmennsku. Hún er dugleg og hefur hlýja nærveru.“

Kristinn Sigvaldason

yfirlæknir

„Kristinn hefur unnið ötullega að þróun gjörgæslulækninga. Hann hefur meðal annars unnið ómetanlegt starf við að skapa góða umgjörð og framkvæmd við líffæragjafir á Íslandi. Hann er frábær starfsmaður og öflugur stjórnandi sem nær því besta fram í starfsfólki sínu. Það er alltaf hægt að treysta á Kristin.“



Kristín Halla Marinósdóttir hjúkrunarfræðingur

„Kristín Halla er sterkur klínískur leiðtogi og hafsjór af þekkingu. Hún er góð í að miðla þekkingu sinni og hefur metnað og ánægju af því að leiðbeina samstarfsfélögum, sérstaklega þeim sem eru að stíga sín upphafsskref. Kristín Halla er flott fyrirmynd.“



Ólöf Jónsdóttir

læknaritari

„Ólöf er virkilega fær í sínu starfi. Það er alltaf hægt að leita til hennar og hún er alltaf boðin og búin að hjálpa. Ólöf er fróð og iðulega segja starfsmenn þegar leita skal svara „Spurðu Ólöfu, hún veit allt.“ Ólöf er frábær starfskraftur með góða nærveru.“





Þorkell Þorkelsson ljósmyndari

„Þorkell eða Keli gegnir einstöku starfi á spítalanum sem felst oft í samskiptum við skjólstæðinga á erfiðum stundum lífsins þar sem hann sýnir mikla fagmennsku, nærgætni og virðingu. Jafnframt myndar hann og skrásetur þannig ýmsa sögulega viðburði jafnt sem hefðbundna starfsemi. Hann er mjög fær í að taka myndir.“

Glóey Thao Thanh Đò og Margrét Kristín Jónsdóttir *matartæknar*

„Glóey og Margrét eru yndislegar. Þær eru nákvæmar, samviskusamar og passa alltaf upp á að allt sé rétt skráð ásamt því að vera skipulagðar og lausnamiðaðar. Ef eitthvað kemur upp þá bjarga þær málunum fljótt og vel.“





Hjartadeild

„Á hjartadeild hefur skapast einstök liðsheild og jákvæður starfsandi. Vel er tekið á mótum nemum í starfsnámi. Þeir hafa verið mjög ánægðir með umgjörð og innihald námsins og sækjast eftir að koma til starfa að námi loknu. Öflugt fræðslustarf er innan deildarinnar og stutt við framþróun í starfi. Deildin hefur tileinkað sér tæknilausnir í miðlun upplýsinga bæði meðal starfsmanna og til sjúklinga og aðstandenda.“

***Hrafnhildur L. Baldursdóttir
og Eiríkur Jónsson***
*deildarstjóri og yfirlæknir
á göngudeild þvagfæra/
þvagfæralækningar*

*„Hrafnhildur og Eiríkur hafa með
eftirtektarverðum árangri þróað
öfluga göngudeildarstarfsemi.
Þau hafa verið sérlega útsjónarsöm
og tekist að færa þunga þjónustunnar
frá legudeild í dag- og göngudeildar-
þjónustu. Þau eru bæði vakin og sofin
yfir tækifærum sem auðvelda okkur
að sinna sístækkandi sjúklingahópi
með skilvirkum og snjöllum hætti.“*





Launadeild

„Launadeildin er sterkt teymi með góðan stjórnanda. Þau sem þar vinna eru einstaklega þjónustulunduð, búngóð og lausnamiðuð öll sem eitt. Þau búa yfir mikilli seiglu og standa sig ótrúlega vel í því að aðlagast breytingum og halda í við þær ásamt því að hafa unnið mikilvægt starf á erfiðum tímum síðastliðin misseri.“

Smitsjúkdómadeild

„Á smitsjúkdómadeild hefur ótrúlegt starf verið unnið. Breyta þurfti deildinni í farsóttardeild og var það gert á einstakan hátt. Starfsfólkið hefur sýnt ómetanlegan dugnað, þrautseigju og lagt mikið á sig til að láta allt ganga upp. Þau hafa hugsað í lausnum, skapað og viðhaldið þekkingu sem á eftir að nýtast um ókomna tíð. Gleðin hefur alltaf verið höfð að leiðarljósi og starfsmenn verið hugmynda- ríkir við að halda uppi góðum starfsanda.“





Sýkla- og veirufræðideild

„Sýkla- og veirufræðideildin gegnir mikilvægu hlutverki. Deildin er rannsóknarstofa fyrir Ísland á sviði bakteríufræði, veirufræði, sveppafræði og sníkjudýrafræði. Deildin vinnur með sóttvarnalækni og öðrum heilbrigðisyfirvöldum að bættri lýðheilsu. Gríðarlegt álag hefur verið á veiruhluta deildarinnar sökum Covid faraldursins. Starfsmenn hafa lagt mikið af mörkum og unnið ótrúlegt starf við þær sérstöku aðstæður sem uppi hafa verið vegna faraldursins og séð til þess að deildin gæti haldið uppi fullri þjónustu.“